

EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantsolía Hafnarfirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	20.10.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Atlantsolía	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Lónsbraut 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590602-3610	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Albert Valur Albertsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarki Kristjánsson	Staðsetning	354728,781 399121,086

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlitið er varðar að umhverfismarkmiðum hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila en engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Nýútgefin olíureglugerð nr. 884/2017 var kynnt og eintak af henni afhent í eftirlitinu.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á rekstrinum en lokið hefur verið við yfirborðsmeðhöndlun á lögnum sem standa ofanjarðar sem og lagnir við bryggju. Til stendur að lagfæra sprungur í malbikinu sem myndast hafa við upphækkun undir geymunum sem og við hlið þróarinnar. Tilboð hefur verið samþykkt í verkið og er áætlað að hefja framkvæmdir næsta sumar.

Eintak af starfsleyfinu var til staðar í starfstöðinni skv. gr. 1.10 í starfsleyfi. Verklagsreglur og viðbragðsáætlun voru til staðar í rekstrarhandbók í stöðvarhúsi.

Nýir starfsmenn fá þjálfun en huga þarf betur að endurþjálfun starfsmanna og setja upp áætlun um reglubundna endurmenntun. Girðingar og hlið voru í lagi og myndavélar vakta svæðið.

Fljótandi þak er í bensíngeymi. Mælingar útblásturslofts frá bensíntanki fóru fram 8-15. sept. 2017 og voru gildin innan marka starfsleyfis eða 0 g. HC/Nm³ m.v. 24 klst gildi en skv. starfsleyfi má það ekki fara yfir 35 g. Að sögn greiningaraðila mælsust engin VOC gildi í mælingunni og virkni hreinsibúnaðarins því góð. Tap bensíns úr kerfinu er reiknað út í gegnum birgðareikning fyrirtækisins. Óskað var eftir þeim tölum í eftirlitinu og verða þær sendar eftirlitsaðila með tölvupósti. Hreinsibúnaðurinn var allur yfirfarinn á árinu og skipt um mæla, loka, dælur og tölvustýringu.

Áfyllingarplan er olíuhelt og frárennsli tengt olíuskilju. Olíuskiljan er tæmd reglulega af Hrensitækni. Góðar skráningar er í rekstrarhandbók varðandi eftirlit (daglegt, vikulegt, mánaðarlegt, árlegt) og allt viðhald skráð. Í stöðvarhúsi var einnig að finna öryggishandbók. Lokar þróarinnar stóðu lokaðir.

Mælingar í fráveitu voru síðast gerðar 12. okt. sl. og voru niðurstöður þeirra mælinga innan marka starfsleyfis eða 3,1 og 7,1 mg/kg(ppm). Góðar verklagsreglur varðandi sýnatöku er að finna í rekstrarhandbók sem staðsett er í stöðvarhúsi.

Úrgangur er ekki flokkaður frá stöðunni ef frá er talinn olíumengaður úrgangur.

Olíudreifing sér um löndun olíu fyrir rekstraraðila og fylgir þar viðurkenndum gæðastöðlum og eigin verklagsreglum. Olíudreifing ber ábyrgð á löndun olíu frá höfn og upp að geymi. Landað er um 20-25 sinnum á ári og slökkvibúnaður er prófaður tvisvar sinnum á ári.

Lagnir voru þrýstiprófaðar 14. sept 2015 og stóðust þær prófið. Geymar voru síðast botnþykktarmældir árin 2010 og 2011 en mæla þarf geymana á minnst 10 ára fresti.

Gengið var um stöðina og lekavarnarþrær og áfyllingarplan skoðað.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Gr. 2.1 í starfsleyfi

Skv. gr. 2.1 í starfsleyfi ber rekstraraðila að setja sér umhverfismarkmið fyrir 30. júní 2016 og skulu þau endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmiðin voru send eftirlitsaðila með tölvupósti þann 27. okt. sl.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

ANNAÐ

Allt frárennsli í stöðinni var endurhannað og endurnýjað í kringum árið 2010.

Viðstödd eftirlitið var einnig Karitas Róbertsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Reykjavík, 10.11.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir